



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2023

## STÆR1AA05


### Námsáætlun

#### Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangsröð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

#### Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg og Gunnar Friðfinnsson. Útgefandi: Iðnú, 2023.
- Annað efni í samráði við kennara
- Vasareiknir og A4 rúðustrikuð vinnubók



#### Námsmat:

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samvisskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og virkni gilda samtals 20% af heildareinkunn áfangans. Stöðupróf úr köflum gilda svo 80% af annareinkunn.

#### Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	80%
vægi annareinkunnar er	20%

#### Annareinkunn skiptist svona:

vægi lotuprófa	80%
ástundun og virkni	20%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

### Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Vera virkur í kennslustundum
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

### Ábending frá kennurum:

#### Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir F.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil og jafngildir svindli sem gefur einkunn 0 á prófi.

Nemanda ber að mæta ávallt með tilskilin kennslugögn í kennslustundir og virða vinnufrið annarra. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr tíma og skrá fjarvist á hann ef hann brýtur þessar reglur.

**Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg** í tímum nema með leyfi kennarans.

### Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni
34-35	Aðgerðirnar 4
36-38	Liðir og þættir
39-42	Almenn brot
43-46	Algebra
47-49	Jöfnur
50	Upprifjun

Þeir nemendur sem treysta sér til að fara hratt og vel yfir efni bókarinnar eiga möguleika á því að ljúka einnig áfanganum STÆR1BB05 í samráði við kennara.

**Ath.** Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

F.Su. 19. ágúst 2024

Gangi þér vel á önninni!

Kennarar: Jón Grétar Hafsteinsson (JH) og Sölvi Snær Jökulsson (SSJ)